

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 8. mars 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Þriggja ára áætlun 2008-2010 (síðari umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun áráanna 2008-2010 til síðari umræðu. Í tillögunni er gert ráð fyrir nokkrum fjárfestingum og gerð áætlun um áhrif þeirra.

Áætlunin miðast við fast verðlag og ekki gert ráð fyrir breytingum í rekstri að öðru leyti en því sem leiðir af fjárfestingum.

Þriggja ára áætlun var samþykkt samhljóða.

2. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Samgönguáætlanir 2007-2010 og 2007-2018

Fyrir fundinum lágu tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlanirnar ásamt bréfi sem sveitarstjóri hafði ritað Samgöngunefnd Alþingis og gert athugasemdir við áætlanirnar. Þar er gerð athugasemd við tvö atriði. Annarsvegar er skorað á samgöngunefnd að setja endurbyggingu Skagastrandarvegar á áætlun og hins vegar að taka til endurskoðunar nýja legu hringvegar norðan Svínavatns.

Oddviti greindi frá fundi sem hann átti með nefndinni fh. stjórnar SSNV þar sem samgönguáætlanirnar voru til umfjöllunar.

Málið var til kynningar og samþykkti hreppsnefnd framkomnar athugasemdir fyrir sitt leyti.

3. Bréf:

a) Héraðsráðs, dags. 18. febrúar 2007.

Í bréfinu er greint frá stöðu þeirra verkefna sem héraðsnefndarfundur samþykkti að fela héraðsráði að athuga á fundi 13. desember 2006.

Umræður urðu um efni bréfsins en ekki gerðar ályktanir vegna þess.

b) Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. febrúar 2007.

Með bréfinu er boðað til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 23. mars nk. Í bréfinu er einnig minnt á breytt lög Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kveða á um að kjörgengir á þingið séu aðalmenn og varamenn í sveitarstjórn. Adolf H. Berndsen var kosinn aðalfulltrúi og Birna Sveinsdóttir til vara.

Meðfylgjandi bréfinu var boðun á ársfund Lánajóðs sveitarfélaga og stofnfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Samþykkt að Adolf H. Berndsen hafi umboð á ársfundi og stofnfundi og Birna Sveinsdóttir til vara.

c) Växjö kommun, 9. og 12. febrúar 2007.

Í bréfum Växjö sem er einn af vinabæjum Höfðahrepps er annarsvegar greint frá niðurstöðu kosninga í sveitarfélaginu og hins vegar boðið til þátttöku í æskulýðs-menningarsamskiptum. Sérstaklega er boðið til menningarhátíðar sem haldin verður 19. – 24. september 2007.

Hreppsnefnd ræddi málið og kom fram áhugi fyrir að senda fulltrúa til þátttöku. Samþykkt að vísa erindinu til úrlausnar æskulýðs- menningarmálanefndar.

d) Forx, 9. febrúar 2007.

Í bréfinu er kynnt námskeið sem kallað er þekkingarnám.

Bréfið var til kynningar.

4. Fundargerðir:

a) Héraðsnefndar A-Hún, 13.12.2007

Fundargerðin var til kynningar.

b) Héraðsráðs, 4.01.2007

Fundargerðin var til kynningar.

c) Héraðsráðs, 10.01.2007

Fundargerðin var til kynningar.

d) Héraðsráðs, 15.01.2007

Fundargerðin var til kynningar.

e) Héraðsráðs, 18.01.2007

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsráðs, 14.02.2007

Fundargerðin var til kynningar.

g) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 14.02.2007

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

a) Fyrir fundinum lá erindin frá Ámundakinn ehf sem óskar eftir að hluthafar falli frá forkaupsrétti á bréfum sem eru hluti af samningi milli Byggðastofnunar og Fasteignafélagsins Borga ehf. Erindið var samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsingu þess efnis.

b) Fyrir fundinum lá kauptilboð í Mánabraut 13 sem auglýst hefur verið til sölu. Hreppsnefnd samþykkti tilboðið.

c) Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar óskar eftir viðræðum um þátttöku sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í byggingu 1. áfanga viðbyggingar verknámshúss FNV. Meðfylgjandi erindi hans var

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

samantekt á hugsanlegri skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Hreppsnefnd yfirför fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að óska eftir fundi héraðsnefndar til að taka afstöðu til þess hvort héraðsnefndin geri sérstakan samning um byggingu verknámshússins.

- d) Markaðsskrifstofa Norðurlands sendir uppkast að samningi um aðild sveitarfélaga og óskar eftir þátttöku sveitarfélaga í rekstri markaðsskrifstofunnar. Umræður urðu um málið og voru skiptar skoðanir um það en tillaga um aðild Höfðahrepps að MFN var samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum.
- e) Sigríður gerði fyrirspurn um hvað líði erindisbréfum nefnda. Sveitarstjóri sagði málið í vinnslu og gæti komið fyrir hreppsnefnd innan tíðar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18²⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)